



Öxarfjörður í sókn

Skilaboð íbúapings, janúar 2016

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	1	5. Menntun.....	12
1. Inngangur.....	2	5.1 Leikskólar.....	12
2. Forgangsröðun.....	3	5.2 Framhaldsmenntun.....	13
3. Innviðir og þjónusta.....	4	5.3 Þjóðgarðsskóli.....	13
3.1 Raforka, ljósleiðari og útvarpsskilyrði.....	4	6. Markaðsmál.....	14
3.2 Grunnstoðir sveitarfélagsins og þjónustustig.....	4	6.1 Markaðssetning á svæðinu í heild.....	14
3.3 Heilbrigðisþjónusta.....	6	6.2 Heimasíða.....	15
3.4 Húsnæðismál.....	6	7. Samfélag og umhverfi.....	16
3.5 Jarðhitanýting.....	7	7.1 Gaman saman.....	16
3.6 Hafnarmál.....	7	7.2 Flokkum „rusl“.....	17
4. Atvinnumál.....	8	7.3 Jarðvangur.....	18
4.1 Ferðamál og afþreying.....	8	7.4 Flóttafólk.....	18
4.2 Matvælavinnsla og landbúnaður.....	10	8. Framtíðarsýn - 2036.....	19
4.3 Fyrirtækjadagur og stuðningur við fyrirtæki.....	11	9. Næstu skref.....	21
		10. Að lokum.....	22

*Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu,
verkefnisstjórn og heimamönnum í
Öxarfjarðarhéraði, sem aðstoðuðu við
framkvæmdina, eru færðar bestu þakkir fyrir gott
samstarf og vel heppnað þing.*

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði ILDI, þjónusta og ráðgjöf, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, í samstarfi við starfsfólk Byggðastofnunar, verkefnisstjórn og verkefnisstjóra.

Þingið var haldið í Öxarfjarðarskóla í Lundi. Norðurþing og Kvenfélag Öxfirðinga sáu um veitingar.

Ljósmyndir í þessari samantekt eru frá Byggðastofnun og ILDI.

Í verkefnisstjórn sitja:

Karin Charlotta V. Englund, fulltrúi íbúa.

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun

Kristján Þór Magnússon, Norðurþing.

Pétur Þór Jónasson, Eyþing.

Reinhard Reynisson, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun.

Stefán H. Grímsson, fulltrúi íbúa.

Verkefnisstjóri, Öxarfjarðarhéraði og Raufarhöfn:

Silja Jóhannesdóttir.



SAMANTEKT

Til að efla byggð við Öxarfjörð á að byggja á sérstöðu svæðisins, nýta sóknarfæri sem felast m.a. í matvælavinnslu, ferðaþjónustu og jarðhita og að standa vörð um grunnþjónustuna.

Þetta var þátttakendum efst í huga, á íbúáþingi í Öxarfjarðarhéraði, sem haldið var í Lundi, helgina 16.-17. janúar 2016. Á þingið mættu 60 manns og þrjár kynslóðir, frá 25 ára til tæplega níraðs, ræddu um styrkleika, tækifæri og framtíðarsýn þessa svæðis. „Samstaða, áræði og sóknarkraftur“ var meðal þess sem þátttakendur sögðu í lok þingsins.

Bæta þarf innviði, eins og nettengingar, afhendingaröryggi rafmagns og útvarpsskilyrði. Brýn verkefni blasa við í vegamálum, s.s. að ljúka síðasta kafla Dettifossvegar. Þátttakendur lýstu áhyggjum af minnkandi þjónustu og fækkun starfa á vegum hins opinbera og fyrirtækja.

Standa þarf vörð um heilbrigðisþjónustuna, tryggja leikskóla, bæði á Kópaskeri og í Lundi og standa þétt við starfsemi grunnskólans í Lundi. Þörf er á fleiri úrræðum í húsnæðismálum sem ásamt góðri þjónustu leik- og grunnskóla og fjölbreyttari atvinnutækifærum er forsenda þess að laða ungt fólk heim aftur.

Sóknarfæri í atvinnumálum felast meðal annars í ferðaþjónustu og matvælavinnslu. Fram komu fjölmargar hugmyndir um eflingu þeirrar ferðaþjónustu sem fyrir er og ný tækifæri.

Öxarfjarðarhérað er landbúnaðarsvæði og austurhluti þess er á eina svæði landsins þar sem ekki hefur komið upp riða. Þátttakendur þingsins vildu efla landbúnað og skoða leiðir til frekari vinnslu.

Jarðhiti er dýrmæt auðlind svæðisins og vegna hans hefur byggst upp öflugt fiskeldi og grænmetisræktun. Varpað var fram hugmyndum um frekari nýtingu jarðhita, m.a. til atvinnusköpunar og heilsutengdrar ferðaþjónustu.

Rætt var um markaðssetningu á svæðinu í heild, gerð nýrrar heimasíðu fyrir svæðið og stuðning við þau fyrirtæki sem til staðar eru. Kallað var eftir dýpkun Kópaskershafnar og sértækum byggðakvóta. Fram kom áhugi á fleiri möguleikum til flokkunar sorps og bættri upplýsingamiðlun á því sviði. Loks var rætt um möguleika til móttöku flóttafólks.

„Gaman saman“ var viðfangsefni eins hóps á þinginu, sem kortlagði það sem í boði er á svæðinu og ræddi hvernig mætti búa til fleiri tækifæri fyrir fólk að hittast.

Þingið markaði upphaf að samráði við íbúa í þróunarverkefni á svæðinu við Öxarfjörð og er hluti af verkefni Byggðastofnunar, sem kallast Brothættar byggðir. Samstarfsaðilar Byggðastofnunar eru Norðurþing, Eyþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og íbúar svæðisins og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila. Verkefnisstjóri er Silja Jóhannesdóttir, en hún gegnir jafnframt því hlutverki á Raufarhöfn. Á þinginu var valið nafn á verkefnið, „Öxarfjörður í sókn“. Umsjón með íbúáþinginu var í höndum Sigurborgar Kr. Hannesdóttur frá Ildi, þjónustu og ráðgjöf.

Verkefnisstjórn og –stjóri munu nú vinna að stefnumótun, markmiðssetningu og skilgreiningu verkefna, upp úr skilaboðum þingsins. Íbúar munu jafnframt vinna að ýmsum málum sem rædd voru á þinginu og fylgja þeim eftir. Verkefnið „Öxarfjörður í sókn“ mun standa yfir í allt að fjórum árum, háð árangri og framlögum til verkefnisins Brothættra byggða á fjárlögum.

1. INNGANGUR

Helgina 16. – 17. janúar 2016, mættu fjölmargir íbúar Öxarfjarðarhéraðs, á öllum aldri, til íbúabings í Lundi. Samtals tóku um 60 manns þátt í þinginu, yfir þessa tvo daga. Þingið markaði upphaf að byggðaþróunarverkefni, sem þátttakendur gáfu nafnið „Öxarfjörður í sókn“. Byggðastofnun stendur að verkefninu, í samstarfi við Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Eyþing og íbúa svæðisins. Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila, leiðir verkefnið, ásamt verkefnisstjóra, sem sinnir bæði Öxarfjarðarhéraði og Raufarhöfn.

Verkefni Byggðastofnunar, sem hlotið hefur heitið Brothættar byggðir hófst einmitt á Raufarhöfn, árið 2012. Þar var um tilraunaverkefni að ræða, sem síðan er orðið að ákveðnu verklagi og er nú unnið með sama hætti í Breiðdalshreppi, Skaftárhreppi og á Bíldudal. Þá eru, auk Kópaskers, Hrísey og Grímsey komnar inn í verkefnið.

Markmið verkefnisins er að stofnanir, sveitarfélag og íbúar leggi saman krafta sína og leiti leiða til eflingar byggðar á sínu svæði. Þannig er horfið frá þeirri nálgun að stofnanir eða stjórnvöld komi með lausnir sem ekki eru sprottnar innan frá. Byggt er á samfélaginu sjálfu, íbúunum og þeirra vilja, krafti og frumkvæði. Hugtakið **valdefling** er leiðarljós í allri vinnu með íbúum, hvort heldur er fyrirkomulag funda eða ferlið í heild sinni.

Byrjað er á íbúabingi og skilaboð þess verða síðan efniviður fyrir framtíðarsýn og verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri fylgja málum síðan eftir, með virkri þátttöku íbúa. Gert er ráð fyrir árlegum íbúafundi, þar sem farið er yfir stöðu verkefna og verkefnisáætlun þá endurskoðuð, ef ástæða er til.

ILDI, þjónusta og ráðgjöf hefur umsjón með þátttöku íbúa, en fyrirtækið hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.

Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space, þrautreynd fundaaðferð¹. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum og leiddu umræðuhópa. Hér fer á eftir samantekt um skilaboð þingsins. Kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum hópa, þ.e. þeim sem stungið var upp á. Það má segja að samantektin hafi orðið til jafnóðum á þinginu því uppistaðan í köflunum hér á eftir er komin beint frá umræðuhópunum sem skráðu niðurstöður sínar í tölvur í lok umræðna.

Hvað þarf til?



Lög og reglur Stjórnvöld Viðskiptalíf Heimurinn "Trends"	Auðlindir Hugmyndir Framkv. geta Sjálfsmynd Samkennd	Skilyrði til þróunar: Uppbygging eða hnignun?
--	--	--

Verkefnið er tilraun til að styrkja samfélag innan frá og byggja brú milli innri stöðu og ytri aðstæðna.

¹ <http://www.openspaceworld.org/>


2. FORGANGSRÖÐUN

Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Öxarfjarðarhéraði. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útdeila á málaflokka eftir eigin mati.

Lang mest áhersla var á úrbætur á ýmsum innviðum og þjónustu. Raforka, ljósleiðari og útvarpsskilyrði er brýnasta verkefnið að mati þátttakenda – og eins og fram kom í umræðum, ber þar netsambandið hæst. „Grunnstoðir sveitarfélagsins“ og „Þjónustustig“ er næst mikilvægast, að mati þátttakenda. Að auki var rætt nánar um ýmislegt sem fellur undir þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu og leikskóla og þeim málum gefið mikið vægi í forgangsröðuninni.

Í atvinnumálum var áherslan mest á eflingu ferðaþjónustu, en einnig á matvælavinnslu og landbúnað, þar sem byggt væri enn frekar á því sem þegar er til staðar. Samkvæmt forgangsröðuninni, er nýting jarðhita eitt af því sem þarf að þróa lengra, til að nýta sérstöðu svæðisins. Virkni og þátttaka skiptir íbúa Öxarfjarðarhéraðs miklu máli, sbr. málefnið „Gaman saman“. Markaðssetning svæðisins, stuðningur við fyrirtæki og heimasíða voru mörgum ofarlega í huga. Þá var rætt um úrbætur á höfninni á Kópaskeri, framhaldsmenntun, afþreyingu, Skjálftasetur og þjóðgarðsskóla. Ýmsir vildu sjá úrbætur í sorpflokkun og endurvinnslu. Þá var rætt um jarðvang og möguleika á móttöku flóttafólks, en aðrir þættir vógu þyngra í forgangsröðun íbúanna í Öxarfjarðarhéraði.

Í köflunum hér á eftir, er fjallað nánar um þau atriði sem sjá má á myndinni.



*„Bæta þarf í til að efla samfélagið,
ekki skera niður.“*

3. INNVIÐIR OG ÞJÓNUSTA

Grunnstoðir, grunnþjónusta, innviðir. Þetta eru þeir þættir sem eru mikilvægastir til að stuðla megi að eflingu byggðar í Öxarfjarðarhéraði, að mati þátttakenda á íbúáþinginu. Í þessum kafla eru tilgreindar niðurstöður hópa sem ræddu um innviði og þjónustu. Yfirskriftir kaflanna hér á eftir, eru þau heiti, sem þau sem stungu upp á umræðuefnunum, völdu.

3.1 RAFORKA, LJÓSLEIÐARI OG ÚTVARPSSKILYRÐI

Varðandi raforku, var bent á að bæta þurfi afhendingaröryggi, með hringtengingu til Vopnafjarðar og að þetta sé hlutverk Landsnets. Ljúka þurfi við að koma sveitalínunum í jörð.

Þá komu fram áhyggjur af flutningsgetu Laxárlínu, sem sé orðin takmörkuð. Af þeim sökum yrði erfitt að byggja upp ný fyrirtæki, á svæðinu, að mati þátttakenda.

Það kom skýrt fram á þinginu að íbúar vilja sjá tafarlaugar úrbætur í nettengingum. Þessi þáttur vegur væntanlega þungt í því að þessi atriði fengu flest stig, í forgangs röðun þátttakenda.

Kallað var eftir ljósleiðara á þéttbýlisstaðina og að tryggja háhraðanet í dreifbýli. Rætt var um að gera þetta í samstarfi við þá einkaaðila sem fyrir eru að þjónusta internettenginguna.

Stungið var upp á að svæðið fari fram á að komast fram í röðina, vegna skilgreiningar á byggðarlaginu sem „brothættri byggð“.

Varpað var fram þeirri hugmynd að notendur gætu komið að lagningu ljósleiðara. Til dæmis bændur sem gætu kannski tekið að sér vinnu við að koma strengnum í jörð og nýtt eigin dráttarvélar eða tæki.

Loks kom fram að útvarpsskilyrði eru óviðunandi. Þetta þarf að vera í lagi, ekki síst vegna almannaöryggis. „Erum á flóðasvæði og rýmingarsvæði“, sögðu þátttakendur.

3.2 GRUNNSTOÐIR SVEITARFÉLAGSINS OG ÞJÓNUSTUSTIG

Tveir hópar ræddu um grunnstoðir og þjónustu. Annars vegar hópur sem kallaði viðfangsefnið „Grunnstoðir sveitarfélagsins“ og hins vegar „Þjónustustig“. Vegna skörunar, var ákveðið að setja niðurstöður hópanna saman sem einn lið, þegar kom að forgangsröðun. Niðurstaðan var sú að þessi atriði eru annar mikilvægasti þátturinn, að mati þátttakenda á íbúáþingi.



Mikilvægt er að grunnstoðir sveitafélagsins séu í lagj, ekki sé sífellt skorið niður. Grunnstoðirnar eru þessar, samkvæmt hópnum:

- Leikskóli
- Grunnskóli
- Heilbrigðiskerfið
- Hafnarmál
- Samgöngur – vegir – strætó
- Netsamband
- Störf á vegum þjónustuaðila – sveitafélagið, banki, póstur
- Þjónusta við eldri borgara
- Fræðslumiðstöð – Þekkingarnetið
- Verslun

Netsamband – krafa um ljósleiðara er staðreynd í nútímasamfélagi.

Störf á svæðinu. Rætt var um fækkun starfa og minnkandi þjónustu á undanförunum árum. Til dæmis hafi þjónusta pósts verið flutt úr byggðarlaginu, störfum í banka hafi verið fækkað og starfsemi í bókasafni breytt. Niðurstaðan umræðunnar var þessi: „Það þarf að gera sáttmála um hvaða störf verða á svæðinu í framtíðinni á vegum sveitarfélagsins, banka, pósts og annarra „opinberra“ aðila með vísan til starfa sem hafa nú þegar verið flutt burtu eða lögð niður á svæðinu.“

Nýta þarf þá þjónustu sem er í boði á heimasvæði, t.d til viðhaldsverkefna.

Menntun. Tryggja þarf bæði leikskóla á Kópaskeri og í Lundi og áframhaldandi möguleika til framhaldsnáms á svæðinu, t.d í gegnum fjarnám. Sjá nánar í fimmta kafla, hér á eftir.

Heilbrigðisþjónusta. Þjónusta læknis og apóteks þarf að vera tryggð til framtíðar. Þjónusta hefur dregist saman varðandi afgreiðslu lyfja. Fólk verður að geta fengið lyf fljótt og vel. Sjúkrabifreið er ekki nóg, tryggja þarf sjúkraflutningamenn á vakt á svæðinu. Einn hópur ræddi sérstaklega um heilbrigðisþjónustu, sjá kafla 3.3. hér á eftir.

Verslun. Sveitafélagið gæti stutt við verslun með því að vísa verslun á „heima“ verslun.

Samgöngur. Mokstur þarf að vera í samræmi við þörf samfélagsins. Tryggja að afleggjarar fái líka mokstur og viðhald, en viðhaldi heimreiða hefur ekki verið sinnt í fjölda ára. Almenningsamgöngur þurfa að vera í samræmi við þarfir samfélagsins og mætti t.d. tengja við póstflutninga.

Önnur mál. Tryggja þarf þjónustu við eldri borgara, auk annarra þegna, t.d. öryrkja og barnafólk.

Einnig var rætt um hafnarmál og er nánar fjallað um þau í kafla 3.4.

Niðurstaðan er sú að „...bæta þarf í til að efla samfélagið, ekki skera niður“.

*„Krafa um ljósleiðara er staðreynd
í nútímasamfélagi.“*

3.3 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Heilbrigðisþjónusta var rædd í þeim tveimur hópum sem fjölluðu um grunnþjónustu og að auki tók einn hópur hana fyrir sérstaklega.

Niðurstaða hópsins var sú að heilbrigðisþjónustan er að mörgu leyti mjög góð í dag. Hún er mjög mikilvæg, er grunnstoð samfélagsins.

Læknir þarf að vera búsettur á svæðinu, núverandi læknar eru að eldast og sú spurning vaknar, hver taki við. Það þurfa að vera skjót viðbrögð í neyðartilfellum og örugg svörun vaktlæknis utan opnunartíma.

Varðandi sjúkraflutninga var kallað eftir því að sjúkrabíll sé á Kópaskeri og sjúkraflutningamenn á vakt. Bent var á að apótek er ekki opið alltaf þegar læknir er á stöðinni. Einnig tengist þessi þjónusta póstflutningum og því hætt við skertri þjónustu, ef póstur kemur sjaldnar.

Hópurinn fjallaði um ýmis tækifæri í heilbrigðistengdri ferðaþjónustu. Rætt var um aðstöðu, jarðböð, heita potta og sjóböð. Þá þurfi að laga grunnþjónustu að þörfum ferðamanna, t.d. að sjálfvirk símsvörun sé á ensku.

Þátttakendur áttu sér draum um sundlaug á Kópaskeri og kölluðu eftir bættu viðhaldi á sundlauginni í Lundi.

Þá var rætt um mikilvægi almennrar heilsuræktar og forvarna.

Hópurinn taldi mikilvægt að halda í þá þjónustu sem þegar er til staðar, s.s. þjónustu læknis, sjúkraþjálfara og nuddara.

3.4 HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæðismál voru tekin fyrir í einum hópi. Komið var víða við í umræðunni, en helstu niðurstöður voru þær að gera ætti úttekt á húsnæðismálum í héraðinu. Bent var á mikilvægi lánamöguleika til nýbygginga og endurbóta. Kallað var eftir byggðastefnu í húsnæðismálum og rætt um að endurvekja hugmyndir um eignarhaldsfélag í kringum leiguhúsnæði á svæðinu.



3.5 JARÐHITANÝTING

Jarðhiti er ein af dýrmætum auðlindum svæðisins og tók einn hópur fyrir möguleika sem honum tengjast. Helstu niðurstöður voru þessar:

Matvælaframleiðsla

- Ylræktun: Gróðrarstöð, eða fleiri smærri og þá möguleiki að sameinast um markaðsmál.
- Lífræn ræktun. Bent var á að þegar er til mikil þekking á svæðinu (Akursel).
- Hugað verði að aðgengi að ráðgjöf vegna leyfismála og vottana.

Fiskeldi/iðnaður

- Tvær til fimm litlar eldisstöðvar á leiðinni, Silfurstjarna – Kópasker.
- Blöndun eldisvökva / heitt vatn – ferskt vatn – sjór.
- Humlaframleiðsla.
- Þörungafframleiðsla, til matvæla eða iðnaðar.

Heilsutengd ferðabjónusta

- Heilsuþætandi áhrif heita vatnsins / böð.
- Vatnagarður.
- Staðsetning – spurning um aðgengi að sjó til baða (Buðlungahöfn og Kópasker voru nefnd sem dæmi).

Önnur mál varðandi jarðhitasvæðið

- Rafmagnsframleiðsla.
- Útvíkkun hitaveitu á svæðinu Kelduhverfi – Raufarhöfn – Þórshöfn.

3.6 HAFNARMÁL

Höfnin á Kópaskeri var til umræðu í hópum um grunnþjónustu, auk þess sem einn hópur fjallaði um hafnarmálin sérstaklega.

Varpað var fram spurningu um framtíðarsýn, sem kristallast í þessum spurningum þátttakenda:

„Á höfnin á Kópaskeri að vera til framtíðar? Ef svo er, þarf hún að vera fær. Höfnin er að verða ónothæf, hvað á að gera?“

Rætt var um að viðhalda höfninni sem smábátahöfn og um hugmyndir um frekari nýtingu, t.d. í afþreyingu, hvalaskoðun eða kajaksiglingar.

Bent var á að dýpkun er nauðsynleg ásamt dælingu. Grafskipið sé á Húsavík í dag og auðvelt að nálgast það. Þá þurfi að huga að viðhaldi dekkja og rafmagns.

Loks kom fram ósk um sértækan veiðikvóta sem yrði aðeins fyrir heimabáta og í eigu heimamanna en vinnsla færi fram á Raufarhöfn.



4. ATVINNUMÁL

Umræða um atvinnumál fór fram í nokkrum hópum. Auk umræðu um tengsl jarðhitanýtingar og atvinnumála, t.d. fiskeldis, sáu þátttakendur stærstu sóknarfærin í ferðapjónustu og matvælavinnslu.

4.1 FERÐAMÁL OG AFBREYING

Ferðamál og afbreyting voru rædd í tveimur hópum og eru niðurstöður beggja teknar hér saman.

Niðurstaða umræðunnar um ferðamál var sú, að þörf er fyrir langtímahugsun og skipulag, vera á undan fjölgun ferðamanna.

Afbreyting

Margvísleg afbreyting er til staðar og fóru hóparnir í að greina hana:

- Söfn og sýningar (Byggðasafnið, Skjálftasetrið og Gljúfrastofa).
- Hestaleiga, hjólaferðir, gönguferðir og skoðunarferðir, m.a. söguganga á Kópaskeri.
- Sundlaug í Lundi.
- Golfvöllir í Ásbyrgi og á Kópaskeri (minigolf).
- Veiði í Presthólalónum og vötnum á Melrekkaslétu (og Kelduhverfi).
- Fræðsluferðir og barnastundir á vegum þjóðgarðsins.
- Göngukort frá atvinnuþróunarfélaginu.
- Active North.

Hér eru hugmyndir um úrbætur varðandi afbreytingu:

- Skjálftasetur á Kópaskeri þarf sterkari rekstrargrunn og aðstoð við að þróast.
 - Koma myndefni/vídeói í meiri virkni. Til þess þarf að kaupa tölvu og Björn Víkingur Björnsson ætlar að hjálpa til við uppsetningu.
 - Rannsóknarstaða jarðfræðings – 40 ár frá skjálfa, setrið þyrfti áframhaldandi stuðning Uppbyggingarsjóðs.
- Minigolfvöllur á Kópaskeri þarf betri umsjón.
- Gljúfrastofa þarf að vera opin allt árið, aðstoða þarf svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs í þeirri baráttu. Gljúfrastofa er mjög mikilvægur upplýsingamiðill um svæðið og þjónustu á svæðinu.
- Golfvöllur í Ásbyrgi er samningslaus, svolítið í lausu lofti, en forsenda hans er staðsetningin (hann gæti ekki komið sér upp aðstöðu annars staðar). Gestir koma margir af tjaldsvæðinu í Ásbyrgi. Mætti aðstoða við samningsgerð og viðræður við þjóðgarðinn.
- Veitingastaður við Ásbyrgi er í bígerð.

Blómstrandi ferðapjónusta í sátt við umhverfi og samfélag, byggja á sérstöðu Öxarfjarðarhéraðs.

Hópurinn setti einnig fram hugmyndir um vöruþróun, eða nýja afþreyingu á svæðinu:

- Þjóðgarðsskóli – skólaverkefni um að börn við Öxarfjörð öðlist sérþekkingu á svæðinu og þjóðgarðinum, skilning á gildi hans. Gætu haft samband við aðra grunnskóla sem búa í grennd við þjóðgarð.
- Baðaðstaða til að nýta heita vatnið – ekki annað blátt lón – eitthvað sérstakt.
- Kajakerferðir á Kópaskeri og norður með ströndinni og undir Snartarstaðanúpnum.
- Fuglaskoðun – kostar skipulag gagnvart umferð og landeigendum, líka leiðsögumenn með þekkingu á fuglum og tungumálum.
 - Fuglar – fá námskeið fyrir fararstjóra og leiðsögumenn þar sem fuglaskoðunarferðir eru vinsælar á svæðinu.
- Áframhaldandi þróun áfangastaða – með sveitarfélaginu og Norðurhjara. Hugsanlega bæta „bílastæðið“ við Skjálftavatnið og koma upp kíkí til fuglaskoðunar.
- Gönguleiðir.
 - Merkja gönguleiðir og bæta þær sem þegar eru merktar.
 - Nýjar gönguleiðir.
- Gera bækling/kort um sögu og afþreyingarefni á Kópaskeri ásamt því að merkja staðina.
- Markaðssetja þögn.
- Stuðla að því að hægt verði að bjóða upp á afþreyingu allt árið.

Í niðurstöðum var lögð áhersla á nauðsyn langtímahugsunar – framtíðarsýnar. Að vera á undan þróuninni, þ.e. mikilli fjölgun ferðamanna. Styrkja þurfi innviði í ferðaþjónustu og almennt. Skipulag sé að vissu marki nauðsynlegt, en þó ekki þannig að styrkleiki svæðisins glatist, sem er kyrrð, friður og fámenni. Þessu var að hluta vísað til sveitarfélagsins og sagt: „Norðurþing þarf að gera stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir svæðið og áætlun um framkvæmd“.

Vegamál

Gljúfra-Dettifossvegur – tengingin er ALGJÖR NAUÐSYN, að mati hópsins. Fram kom að fjármagn er ekki tryggt í síðasta kaflann upp að Dettifossvegi og að það þurfi að tryggja. Þetta hamli m.a. Gljúfrastofu. Tala þurfi einum rómi og háum! Þetta tengist framtíðarsýn gagnvart stjórnvöldum.

Rætt var um mikilvægi þess að leggja slitlag á síðasta haftið á Brekknaheiði og Langanesströnd, á Norðausturvegi 85, til að fá umferð um svæðið. Einnig að leggja slitlag á Sléttuveg, til að byggja undir fuglaskoðun og auka möguleika á hringferðum. Hópurinn tók fram að vitað sé um fjárskort Vegagerðar og spurði: „Hvaða leið er fær í þessu máli?“



4.2 MATVÆLAVINNSLA OG LANDBÚNAÐUR

Lífleg umræða varð um eflingu matvælavinnslu og landbúnaðar. Helstu niðurstöður hópsins fara hér á eftir.

Úrvinnsla á ull

Mikil ull er flutt óunnin út af svæðinu og umræður mynduðust um frekari vinnslu á henni. Til dæmis þvottur, þæfing og framleiðsla á lopa.

Frekari úrvinnsla matvæla

Varpað var fram hugmynd að frekari úrvinnslu á beinum og úrgangi, til dæmis til framleiðslu á kjötkrafti sem væri mjög sniðugt með nýtingu jarðhitans og markaðssetningu svæðisins í huga.

Rætt var um frekari úrvinnslu á hliðarafurðum frá Fjallalambi sem fara í dag erlendis í gæludýrafóður.

Upp komu vangaveltur um hvort hægt sé að nýta niðursuðutæki og tól sem fyrir er í Gefluhúsnæðinu, t.d. til niðursuðu á lifur.

Rætt var um úrvinnslu á hornum til framleiðslu á hundanasli og afurð til handverksgerðar.


Kannað verði hvort möguleikar séu á framleiðslu á gæludýrafóðri, hugsanlega einnig með frekari nýtingu á jarðhitanum á svæðinu.

Þá mætti huga að frekari úrvinnslu á gærum sem falla til í Fjallalambi og eru fluttar út óunnar.

Fram kom áhugi á eflingu skógræktar.

Hópurinn ræddi um frekari kynningu og markaðssetningu á svæðinu og afurðum frá því, með tilliti til landabótastefnu svæðisins. Þá var fyrst og fremst verið að ræða um hvernig staðan væri til dæmis á afréttum svæðisins og hvernig væri staðið að henni. Sem dæmi má nefna, hve margir fermetrar eru á hverja kind í afréttum svæðisins. Þetta mætti nýta til markaðssetningar.

Loks benti hópurinn á að frekari nýting á jarðhita á svæðinu gæti átt við flest þessara verkefna sem hér eru nefnd.



4.3 FYRIRTÆKJADAGUR OG STUÐNINGUR VIÐ FYRIRTÆKI

Stungið var upp á tveimur umræðuefnum varðandi fyrirtæki, annars vegar hugmynd um „Fyrirtækjadag“ og hins vegar umræðu um stuðning við fyrirtæki. Ákveðið var að slá þessu saman í einn hóp.

Fram kom sú hugmynd að fyrirtæki verði skráð og kynnt á heimasíðu og samfélagsmiðlum. Þannig verði „Fyrirtæki mánaðarins“ á heimasíðu. Á síðunni verði jafnframt upplýsingar og/eða hnappur á með ramma fyrir hvert fyrirtæki.

Hugmyndin um Fyrirtækjadag beinist annars vegar inn á við, fyrir íbúa svæðisins og hins vegar út á við, fyrir þá sem vilja kynna sér hvað svæðið býður upp á. Þetta mætti gera í samstarfi við Atþing og SANA. Flestir töldu það besta kostinn að tengja slíkan dag við sólstöðuhátíð um Jónsmessuna. Þá er veður og færð í lagi, en reyndar spurning hvort einhverjir eru of uppteknir við hátíðina til að geta verið með. Flestir töldu þó að þetta myndi bæta dagskrá hátíðarinnar.

Fyrirtækjadagur væri sölutækifæri fyrir þá sem bjóða upp á vörur, en bæri ekki það yfirheiti (markaðsdagur), því öll fyrirtæki, stofnanir og vinnustaðir ættu að kynna sig.

Stór og lítil fyrirtæki með margvíslega atvinnu og því treystir byggðarlagið ekki einungis á einn til tvo atvinnurekendur.

Stuðningur við fyrirtæki

Rætt var sérstaklega um leiðir til að styðja fyrirtækin á svæðinu, eða eins og það var orðað: „Styrkjum það sem við eigum, nýtum fyrirtæki í héraði“.

- Verkefni séu keypt af verktökum og öðrum á svæðinu en fólk ekki flutt inn á svæðið til að vinna verkin.
- Kallað eftir stefnu sveitarfélagsins Norðurþings í þessum efnum.
- Ný störf eru góð en verkefni styrkja líka störf.

Spurt var: „Hvernig gerum við þetta?“ Niðurstaðan var sú að leita leiða til að skrá og upplýsa um störf og fyrirtæki á svæðinu.



5. MENNTUN

Rætt var um menntun og skólastofnanir í hópunum sem fjölluðu um grunnþjónustu. Einnig störfuðu hópar sem fjölluðu annars vegar um leikskóla og hins vegar um framhaldsmenntun. Hér hafa verið tekin saman skilaboð um menntun, úr öllum þessum hópum.

„Standa þarf sterkt saman bak við grunnskólann í Lundi“, voru þau skilaboð sem fram komu um grunnskóla, ásamt því að leggja áherslu á að fá menntaða kennara til starfa, bæði í leik- og grunnskóla.

5.1 LEIKSKÓLAR

Kallað var eftir því að báðum leikskóladeildunum, í Lundi og á Kópaskeri verði haldið opnum. Sagt var: „Fáum ekki ungt fólk á svæðið ef ekki er aðgangur að leikskóla/grunnskóla.“

Fram kom uggur varðandi leikskóladeildina á Kópaskeri og talið æskilegt að breyta reglum um lágmarksfjölda barna þar, en í dag er miðað við fjögur. Að mati hópsins ætti að hætta keyrslu á börnum frá Kópaskeri, með rútunni, vegna kostnaðar fyrir sveitarfélagið. Einnig var bent á að það þurfi að vera nægjanlegt rými í rútunni, ef börnum fjölgar. Fram kom að kennarar borga fyrir að fá að fara með rútunni. Horfa mætti á þetta út frá þeim vegalengdum sem leikskólabörn þurfa að fara og þá er það mismunun á þjónustu innan Norðurþings.

Hópurinn lagði áherslu á að samskipti milli deilda í Lundi og á Kópaskeri verði aukin, til dæmis að hittast í vettvangsferðum og íþróttahúsi.

Þá var sagt: „Þurfum að virkja foreldrafélag til að fá meiri samstöðu í skólamáli.“



5.2 FRAMHALDSMENNTUN

Hópurinn kortlagði aðgengi að framhaldsmenntun eins og það er í dag. Þekkingarnetið er með fjarfundabúnað á vissum stöðum. Mikilvægt er, að mati þátttakenda að aðgangur að fjarnámi sé greiður. Utanumhald og stuðningur sé nauðsynlegur.

Rætt var um kynningarmál, tengja mætti valkosti til framhaldsmenntunar inn á heimasíðu og nýta Facebook. Þeir aðilar sem eru að bjóða framhaldsnám, mættu mæta á svæðið reglulega og kynna sig og starfsemina. „Tengja við fólk til að leiðir til þeirra séu opnari“, var sagt.

Fram kom að fjarnám er í boði frá vissum skólum og var rætt um framhaldsdeildina á Þórshöfn. Þá leitaði hópurinn svara við þessari spurningu: „Hvað vantar í tengslum við svæðið eða á svæðið?“

- Leikskólakennara – fer að vanta.
- Leiðsögumenn – er hægt að þjálfa þá upp án þess að þurfa að fara í lengra nám?
- Stytttri útgáfu af iðnnámi – er í raun í boði hjá skólum en þyrfti styttri útgáfu til að vekja áhuga. Aðgreina frá fullorðinsfræðslu.
- Eitthvað svipað framhaldsdeildinni á Þórshöfn – kannski ekki þörf? Allir fara í framhaldsnám.
- Akstur til Húsavíkur – FSH úr sveitinni og frá Kópaskeri.
- Strætó á föstudögum eftir skóla til að komast heim.
- Betra íslenskunám tengt atvinnulífínu.
- Gæðastjórnunarnámskeið.
- Bókhald.
- Íþróttakennaranám.

5.3 ÞJÓÐGARÐSSKÓLI

Einn hópur ræddi um þjóðgarðsskóla, sem var í gangi í Öxarfjarðarskóla frá 2002 til 2007. Þetta var mjög jákvætt verkefni, að mati þátttakenda.

Fram kom að margir eldri nemendur starfa í dag sem landverðir yfir sumarið. Ekki sé hægt að fullyrða að það sé vegna þjóðgarðsskóla en fólk taldi hann hafa haft jákvæð áhrif.

Skólinn lognaðist út af vegna „þreytu“ kennara, erfitt án sýnilegs stuðnings. Hugmyndin var að „sérfræðingar“ (börn) yrðu kennarar annarra barna sem heimsæktu þjóðgarðinn.

Mögulega ætti að horfa á að hafa þetta fyrir miðstig, en ekki allan skólann.

Spurt var: „Hvað þarf til að koma skólanum á aftur?“

- Fjármagn til að keyra nemendur á staðinn.
- Kennararnir eru drifjöðrin. Það þarf að gera þetta áhugavert fyrir þau. Má ekki koma sem skipun ofanfrá.

Bent var á að miklir möguleikar séu á samstarfi við erlenda skóla, enda er þjóðgarðurinn stærsti þjóðgarður Evrópu.

Niðurstaða hópsins var sú að leggja til að þetta verði skoðað sem verkefni í verkefnisáætluninni „Öxarfjörður í sókn“.



6. MARKAÐSMÁL

Tvö viðfangsefni hópa á íbúáþinginu tengdust markaðsmálum, annars vegar um markaðssetningu á svæðinu í heild og hins vegar um sameiginlega heimasíðu svæðisins.

6.1 MARKAÐSSETNING Á SVÆÐINU Í HEILD

Rætt var um markaðssetningu á svæðinu, til uppbyggingar og atvinnusköpunar. Jarðhitinn og tækifæri tengd honum voru þátttakendum ofarlega í huga. Fram kom að gera þurfi athugun á eignaraðild og nýtingarrétti á heitum holum niður á söndum við Öxarfjörð.

Þá þurfi að fara fram athugun á því heita vatni sem er til staðar og hvort hægt sé að nota það t.d. til grænmetisræktunar og byggingar vatnagarða.

Kortleggja þarf svæðið til að fá yfirsýn yfir þau svæði sem laus eru til uppbyggingar. Einnig þarf að huga að skipulagningu á svæði í nálægð heitrar holu.

Viðfangsefni kynningar gætu verið þessi:

- Kynna möguleika svæðisins fyrir þeim sem hugsanlega vilja fjárfesta á svæðinu.
- Kynna þá möguleika og kosti sem fyrir eru og hugsanlega afþreyingu í kring um það.
- Kynna gæði svæðisins með tilliti til matvælaframleiðslu og markaðssetja svæðið sem slíkt.
- Kynna svæðið með tilliti til þess magns af ferskvatni sem rennur í Öxarfjörð.

Fram kom sú hugmynd að stofna félag, t.d. hlutafélag, um verkefni sem miði að því að nýta ákveðna kosti svæðisins.

Hópurinn dró niðurstöður sínar saman þannig: Mikil nauðsyn er að svæðið sé kortlagt bæði með tilliti til matvælaframleiðslu og afþreyingar og allt vatn sé skoðað (bæði heitt og kalt) og kannað notkunargildi þess. Svo skal farið af stað og kannað hvort ekki sé til áhugaverður fjárfestir sem er til í að koma með fjármagn inn á svæðið til framkvæmda.



6.2 HEIMASÍÐA

Sameiginleg vefsíða fyrir svæðið er vistuð undir lélinu www.123.is/kopasker. Hópurinn greindi kosti hennar og galla:

- Kostir: Þekkt (í gangi í 9 ár), einfalt, ódýrt.
- Gallar: Óþægileg og erfið að vinna með, lénið greitt af umsjónarmanni.

Hópurinn var sammála um að lén sem vísar á Kópasker höfði ekki til allra íbúa við Öxarfjörð. Allir voru sammála um lénið öxarfjörður.is. Það er þar að auki laust og er beðið um að það verði leigt strax! Athugandi væri að þetta væri einn af hliðarvefjum við vef Norðurljósa, sbr. raufarhofn.is

Helstu niðurstöður:

- www.123.is/kopasker verði lagður af.
- Leigja lénið oxarfjordur.is. Umfjöllunarsvæðið eru byggðirnar við Öxarfjörð.
- Skoða hvernig síðan getur verið hliðarvefur við Norðurljósa, athuga hagkvæmni þess.
- Tengja síðuna við Norðurljósa, (þ.e. fréttir og annað efni fari á milli) og öfugt.
- Tryggja ritstjórn og nokkra fréttaritara (eða þá sem hafa aðgang).
- Viðburðadagatal af Norðurljósa síðunni færast yfir á oxarfjordur.is og raufarhofn.is



7. SAMFÉLAG OG UMHVERFI

Í þessum kafla er að finna niðurstöður fjögurra hópa. Viðfangsefni sem falla undir málefnið „Samfélag“ eru „Gaman saman,“ þar sem rætt var um félagslíf og virkni og „Flóttafólk“, um mögulega móttöku flóttamanna. Undir „Umhverfi“ falla svo viðfangsefni „Flokkum „rusl““, um sorpflokkun og endurvinnslu og loks „Jarðvangur“. Það ætlaðist þó svo að umræðuefni „Flóttafólk“ og „Jarðvangur“ fengu ekki mikla umfjöllun og rötuðu ekki á blaði í forgangs röðun. Engu að síður er mikilvægt að halda þeim hugmyndum til haga, eins og gert er hér.

7.1 GAMAN SAMAN

Stungið var upp á umræðuefninu „Gaman saman“, um félagslíf og afþreyingu og orðu þar fjörugar umræður.

Rætt var um hvað hægt væri að gera til að auka afþreyingu fyrir heimafólk þannig að það komi oftast saman við skemmtileg áhugamál og störf. Byrjað var á því að lista upp það sem í boði er á svæðinu og það sem fólk hafði áhuga á að komið yrði af stað. Sá listi kemur fram hér að neðan.

Þeir þættir sem komu fram í umræðum voru:

- Fótbolti – stundaður í Lundi.
- Blak – stundað á Kópaskeri.
- Leikfimi – hefur verið í vetur í Lundi.
- Jóga – var í Lundi en er ekki eins og er, en jógakennari á svæðinu.
- Dans – ekki til staðar en áhugi er fyrir hendi.
- Hestaferðir – áhugafólk í héraðinu er duglegt að fara í slíkar ferðir.
- Skotfélag – er á Kópaskeri.

- Hestamannafélag – er á svæðinu.
- Björgunarsveit – er í héraðinu, aðstaða á Kópaskeri.
- Bridge – var stundað hér á árum áður en hefur dottið upp fyrir.
- Spilakvöld – rætt um að sniðugt væri að hafa kvöld þar sem fólk kæmi saman með sín spil að heiman og spilaði saman.
- Jeppaferðir – ekki skipulagt, en áhugi er fyrir hendi.
- Vélsleðaferðir – ekki skipulagt en áhugi er fyrir hendi.
- Bingó – er haldið árlega á Kópaskeri og af nemendum Öxarfjarðarskóla í Lundi.
- Leiklist – haldið var námskeið í Lundi í haust en áframhald hefur ekki verið ákveðið.
- Félag eldri borgara – er til staðar og virkni góð.
- Heimöx – hannyrðafélag á svæðinu.
- Kórastarf – er nokkuð á svæðinu.
- Þá eru á svæðinu ungmennafélög, kvenfélög og búnaðarfélög.

Til að koma þessum málum áfram var ákveðið að stofna Facebook síðu til að auðvelda skipulagningu viðburða. Þannig gæti fólk tengst saman og komið einhverju af stað. Umsjónaraðila var falið að koma þessu í gang.

Loks var rætt um mikilvægi þess að upplýsingar um viðburði komist til nýbúa sem e.t.v. skilja ekki íslensku.



7.2 FLOKKUM „RUSL“

Hópurinn velti fyrir sér hvernig mætti auka sorpflokkun og endurvinnslu. Byrjað var á að kortleggja fyrir hvað er farvegur, eins og staðan er í dag.

Farvegur er fyrir:

- Flöskur – fernur / sléttan pappa – bylgjupappa – málm – bændaplast – raftæki – textíl – batterí – spilliefni.

Fólki kom á óvart hversu margt er hægt að flokka og í umræðunum kom margt í ljós sem fólk vissi ekki.

Farveg vantar fyrir:

- Plast – pappír – lífrænan úrgang – gler/postulín – kertaafganga.

Meira upplýsingaflæði og fræðslu vantar um allan málaflokkinn:

- Hvaða leiðir eru til staðar á svæðinu til að koma „rusli“ í endurvinnslu eða endurnýtingu?
- Hvernig á að flokka?
- Hvert fer hráefnið?
- Hvernig gengur flokkunin á svæðinu?

Mikið var rætt um gámasvæðin, hverju þau taka við og hvort ekki væri hægt að bæta við flokkum. Einnig rætt um samlag fyrir lífrænan úrgang.

Þá var rætt um umhirðu á og í kringum gámasvæði og urðunarsvæði.

Hugmyndir:

- Markaður á Kópaskeri með notaða hluti, til að styrkja gott málefni.
- Ýta undir endurtekinn skottmarkað.
- Athuga: Má senda fleira en föt til Rauðakrossins, eftir sömu leið? T.d. notaða húsmuni og smádót í kassa?
- Upplýsingamiðlun eins og áður sagði.
- Þrýsta á plast- og pappírsmóttöku.

Helstu niðurstöður hópsins voru þær að mikill áhugi er á fleiri flokkunarmöguleikum og meiri upplýsingum um flokkun og leiðir. Þetta á jafnt við um einstaklinga og ferðapjónustufyrirtæki sem segja flokkunarleysi hamla.

Að lokum var rætt um að kaupa minna, nota minna og skapa þannig minna rusl.



7.3 JARÐVANGUR

Jarðvangur er íslenska heitið yfir það sem kallast „Geopark“ og er ákveðin nálgun til að skilgreina sérstöðu svæðis, fyrst og fremst út frá jarðfræði. Slíkir jarðvangar eru til víða um heim og einnig á Íslandi. Hópurinn sem ræddi um jarðvang, nálgæðist viðfangsefnið út frá spurningunni „Hvað er jarðvangur?“

- Samstarfsvettvangur stjórnvalda, íbúa og fyrirtækja til að nýta landslagsheildir á sjálfbæran hátt.
- Byggðapróunarverkefni.
- Sveitarfélagið þarf að vera í forsvari.
- Matvælaframleiðsla – nýting, t.d í ferðapjónustu.
- Heita vatnið.
- Local food – staðbundin matvara (Þingeyska matarbúið er til).
- Þarf að draga fram grunneinkenni svæðisins – hvað á það að ná yfir stórt svæði?
- Sprungukerfin og heita vatnið getur verið grunneinkenni.



7.4 FLÓTTAFÓLK

Á fyrri degi íbúapingsins var lagt til að rætt yrði um móttöku flóttafólks, út frá því hvort það gæti skapað tækifæri til að auka íbúafjöldann og nýta húsnæði sem væri til á svæðinu.

Sá sem stakk upp á umræðuefninu, gat ekki verið áfram á þinginu. Ekki varð því úr að málið yrði rætt í hópi. Einn þátttakandi á þinginu, óskaði þó eftir því að fá að koma á framfæri, í tengslum við þessa hugmynd, Stefnuyfirlýsingu European Rural Parliament, 2015 sem haldið var í Austurríki í nóvember 2015.

Fer hún hér á eftir:

Liður 13.

„Koma örvæntingarfulls fólks frá átaka- og hörmungarsvæðum, sem leitar eftir hæli og nýju lífi í Evrópu, kallar á hugsanir og aðgerðir innan tengslanets okkar. Jafnframt því að brýna stjórnvöld og stofnanir til að vinna ótrauð að lausn vandans, sem býr að baki þessarar kreppu, köllum við eftir hjartahlýjum viðbrögðum, byggðum á samstöðu milli þjóða. Við trúum því að fyrir mörg dreifbýlissvæði sé þetta tækifæri til að gera flóttafólk og aðra nýbúa að viðurkenndum meðlimum samfélaganna. Aðlögunarferlið verður að fela í sér nauðsynlega atvinnusköpun og fjárfestingu í húsnæði, þjónustu og innviðum samfélagsins. Árangursríkri viðleitni til að aðlaga fólk nýjum samfélögum ætti að fagna.“

8. FRAMTÍÐARSÝN - 2036

Undir lok þingsins var þátttakendum boðið í ferðalag inn í framtíðina þar sem þau sæju fyrir sér svæðið eftir 20 ár.

Einn þátttakandi skrifaði: „Það fer algerlega eftir því hvort maður horfir í gegnum bjartsýnis- eða svartsýnisgleraugun hvað maður sér. Því miður eru svartsýnisgleraugun aðeins nærtækari. Til þess að maður sjái fyrir sér blómlega byggð og mannlíf þarf töluvert mikla aðstoð eða stuðning við samfélagið. Möguleikarnir eru samt miklir og að mörgu leyti einstakir.“

Gegnumgangandi voru þátttakendur þó með bjartsýnisgleraugun og var samhljómur um mjög margt.

Hér er gerð tilraun til að draga þessa framtíðarsýn margra saman í heildstæða mynd.

Umhverfið

Svæðið er skógi vaxið, ræktun undafarinna ára hefur skilað árangri. Það er hávaxinn skógur á sandinum og nytjaskógar víða í Kelduhverfi. Vitund fólks um auðæfi náttúrunnar hefur vaxið og úrgangur minnkað. Allt er hreint og snyrtilegt og fyrirtækin eru umhverfisvæn. Almenn ríkir virðing fyrir umhverfinu og náunganum.

Atvinnulífið

Atvinnulíf er öflugt. Jarðhiti er nýttur í margvíslegum tilgangi og sjálfbær framleiðslustarfsemi byggir á náttúruauðlindum svæðisins.

Blómstrandi ferðaþjónusta er í sátt við umhverfi og samfélag og byggir á sérstöðu Öxarfjarðarhéraðs. Í Vatnajökulsþjóðgarði er fjölþætt ferðaþjónusta.

Í mynna Ásbyrgis er falleg þjónustumiðstöð og hótél. Reist hefur verið hótél í Kelduhverfi á mótum Ásbyrgi niður á Söndunum.

Ferðamenn sækja í hestaferðir vítt og breitt um Kelduhverfi og Öxarfjörð. Á Sléttu er aðdráttaraflið fuglaskoðun og gönguferðir. Fristundabyggðir eru vestan og austan Ásbyrgis – í Kelduhverfi og Öxarfirði, sérstaklega á svæðinu í kringum Lund. Í Grímshöfn er ferðaþjónusta með tíu smáhýsum og aðstöðu til sjóbaða.

Í Lundi er sundlaugin orðin stærri með góðum heitum pottum og við hlið sundlaugarinnar er mini golfvöllur ásamt fleiri leiktækjum. Í Gamla Lundi er notalegt kaffihús og Nýi Lundur er lúxushótél. Kominn er vatnsgarður, byggður að mestu úr náttúrulegum efnum, úr grjóti og torfi.

Innviðir ferðaþjónustunnar á landsvísu eru traustir.

Landbúnaður hefur aukist og er í góðum farvegi. Sauðfjárræktin er í blóma, sérstaklega austan ár. Þessi efling hefur átt sér stað, þrátt fyrir að búum hafi eitthvað fækkað. En það er búið á hverjum bæ og þar er unnið við ýmis konar smáíðnað auk hefðbundinna bústarfa.

Fjallalamb hefur stækkað og er nú með fullvinnslu á flestum afurðum. Héraðið er þekkt fyrir frábærar afurðir sem eru eftirsóttar.

Fiskeldið er öflugt, bæði í Kelduhverfi og Öxarfirði. Hjá Rifósi er eldi og öflug úrvinnsla og Silfurstjarnan hefur stækkað og eflst. Þar er nú unnið úr afurðunum.

Ræktun hefur eflst til muna, vegna nýtingar jarðhitans. Mikil matjurtaræktun er á heitum söndum Öxarfjarðar. Í Bakkalandi er stór gróðrarstöð með mörgum gróðurhúsum. Þar er ræktað grænmeti, kál, jarðarber og íslenskar jurtir sem notaðar eru í framleiðslu á kremum, olíum og öðrum heilsutengdum snyrtivörum. Gulrótarækt er öflug og komin er garðyrkjustöð í Ásbyrgi. Á söndum Öxarfjarðar er einnig hafin olíuþlönturæktun, repja og fleira.

Á svæðinu eru einnig **lítil fyrirtæki** með margvíslega atvinnu og því treystir byggðarlagið ekki einungis á einn til tvo atvinnurekendur. Eitt af litlu fyrirtækjunum er sápuverksmiðja, með vaxandi framleiðslu. Komin er starfsemi í húsnæði Geflu á Kópaskeri.

Á **Snartarstöðum** er byggðasafn og textílstofa þar sem framleitt er ýmislegt handverk. Flest tengt sauðkindinni, jurtum og fornum sögum af svæðinu.

Það sem upp úr stendur í þessum hugmyndum er að það sem nú þegar er til staðar vex og dafnar og áherslan er á að nýta sérstöðu svæðisins og auðlindir. Auk þess sem fram kom hér að ofan komu fram nokkrar fleiri hugmyndir, s.s. háskóli / háskólanám í jarðfræði og olíu og gasvinnsla. Aðeins einn þátttakandi hafði efasemdir um ferðapjónustuna og samkvæmt hans framtíðarsýn yrðu ferðamenn fáséðir, árið 2036.

Samfélagið

Kópasker hefur stækkað, þar eru nú fleiri íbúar og fyrirtæki. Í þessum öflugra þjónustukjarna iðar allt af lífi og fólk vinnur við þjónustu og allskonar fjölbreytta starfsemi. Íbúðarhúsum hefur ekki aðeins fjölgað á Kópaskeri, heldur einnig í Kelduhverfi, Öxarfirði og Núpasveit. Starf leik-

og grunnskóla á Kópaskeri og í Lundi er blómlegt, enda hefur börnum fjölgað.

Samstaða og samvinna íbúanna er góð og mikil þátttaka og virkni. Íbúar sýna bæði umhverfinu og náunganum virðingu.

Í Öxarfjarðarhéraði eru svo sannarlega **blómlegar byggðir**.

Samgöngurnar

Allir vegir eru með bundnu slitlagi. Komin er ný brú á Jökulsá og malbikaður vegur um Sléttu sem er vinsæl ferðamannaleið, ströndin og öll Sléttan. Hjólastígar eru víða meðfram vegum. Heimreiðar eru í góðu standi.



9. NÆSTU SKREF

Áður en íbúáþinginu var slitið voru þátttakendur beðnir um að segja til um hver væru næstu skref, á hverju þyrfti að byrja til að feta leiðina í átt að framtíðarsýninni. Hér eru þessi skref flokkuð eftir því hversu oft þau voru nefnd. Efst það sem oftast var nefnt og síðan stig af stigi. Eitt atriði sker sig úr, að langoftast var nefnt að klára þurfi Dettifossvog.

Mikilvægt er að horfa á þennan kafla í samhengi við önnur skilaboð þingsins, s.s. forgangsröðun málefna sem fram kemur í kafla tvö.

Klára Dettifossvog og hann verði fær allt árið.	12
Háhraða, örugg nettenging.	9
Vegagerð: Betri vegasamgöngur allt árið, líka fyrir heimamenn, ekki bara ferðamenn, lagfæra veg fyrir Melrakkaslétu, bundið slitlag á Þjóðveg 85 og bætt vegatenging við Þjóðveg 1.	8
Jarðhiti: Nýting heita vatnsins til uppbyggingar atvinnustarfsemi, m.a. vatnagarð og ræktun. Könnun á borholum í Öxarfirði, hvort hægt sé að fá notkunarheimild á þeim. Stofnun hlutafélags um nýtingu jarðhita á Austursandi. Rannsaka þolmörk sandsins, vatn, land o.s.frv., vegna gróðurhúsa „garðs“. Frumkönnun á kostnaði, fjármögnun og staðsetningu baðaðstöðu.	8

Efling landbúnaðar, auka sauðfjárframleiðslu og vinnslu, aukinn stuðningur við bændur í að auka kvóta og fjölga fé. Svæðið njóti sérstöðu í búvörusamningum.	6
Húsnæðismál: Gera yfirlit um nýtingu húsnæðis. Fjölgun leiguíbúða, bygging íbúða á Kópaskeri.	5
Gera höfnina á Kópaskeri nothæfa, með dýpkun.	5
Samstaða: Vera samtaka með verkefni sem verða framkvæmd. Það þarf að hrista fólkið á svæðinu betur saman til sameiginlegra átaka. Félagsleg hugsun. Samvinna allra aðila að markaðssetningu svæðisins í heild. Vakandi samband við nýju útlendu íbúana, sem varla sjást á auglýstum mannamótum, sönghátíðum eða öðru. Eyða svæðisbundnum ríg.	5
Þjónusta: Þjónusta verði góð, s.s. heilsugæsla, póstur og banki. Samningur við Norðurþing og aðra opinbera aðila um að fækka ekki störfum/verkefnum við Öxarfjörð. Sveitarfélagið gangi á undan með góðu fordæmi.	4
Fjárstyrkur/fjárfesting: Umbun fyrir fólk að flytjast á afskekktu staði. Og leita eftir fjárfestum sem eru til í að fjárfesta í góðri hugmynd á svæðinu, t.d. vegna uppbyggingar hótels (hótela).	3

Yfirtaka á Gefluhúsnæði og breyta því í smáar atvinnueiningar.	2
Ásbyrgi: Koma upp hóteli og þvottaplani.	2
Dettifoss: Uppbygging þjónustumiðstöðvar við Dettifoss. Verði framkvæmt af ríkinu.	2
Tryggja starfsemi leikskóla á Kópaskeri.	2
Sund og sjóböð: Aðstaða til sjóbaða við Kópasker með heitum pottum. Laga sundlaugaraðstöðuna í Lundi. Bæta við heitum pottum.	2
Marka umhverfisstefnu fyrir svæðið.	1
Skipuleggja fuglaskoðunarsvæði, byggja fuglaskoðunarhús.	1
Staðbundinn byggðakvóta fyrir <u>heimamenn</u> .	1
Möguleiki á framhaldsnámi í heimabyggð.	1
Alþjóðlegur millilandaflugvöllur á Melrakkaslétu.	1
Uppbygging: Hvaða landsvæði eru laus til framkvæmda?	1



„Vinna saman og láta verkin tala!“

10. AÐ LOKUM

Þegar boðið er til þátttöku felst í því loforð um að nýta það sem út úr samráðinu kemur, í tengslum við ákvarðanir. Hverju er þá verið að lofa íbúum Öxarfjarðarhéraðs, með því að bjóða til íbúapings og síðan eftirfylgni til allt að fjögurra ára. Loforðið hefur verið skilgreint þannig, í verkefnislýsingu Brothættra byggða.

„Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu. Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“

Loforðið gildir meðan unnið er að verkefninu í byggðarlaginu.

Verkefnisstjórn fyrir verkefnið í Öxarfjarðarhéraði, mun nú vinna frekar úr skilaboðum þingsins. Þau verða efniviður í stefnumótun og áætlanagerð, sem verkefnisstjórn og verkefnisstjóri munu fylgja eftir í allt að fjögur ár. Íbúar hafa einnig verið hvattir til að vinna áfram að þeim hugðarefnum sem rædd voru á þinginu. Haldnir verða opnir íbúafundir einu sinni á ári. Frumkvæði og samstaða íbúa og stuðningur verkefnisstjórnar eykur líkurnar á því að eitthvað af þeim hugmyndunum sem komu fram á íbúapinginu verði að veruleika og að mögulegar lausnir verði í samræmi við takt og vilja samfélagsins sjálfs.

